

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 21. janúar 2014 kl. 12:00 í fundarherbergi á 3. hæð í Gimli.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. *Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.*
2. *Fjármál – staðan.* Forstöðumaður gerði grein fyrir fjárhag stofnunarinnar nú um áramót. Gert er ráð fyrir að rekstrarliður stofnunarinnar verði réttu megin við núllið nú um áramót en í heild er stofnunin í nokkurra milljóna plús vegna rannsóknarverkefna.
3. *Samningur við Kirkjuráð.* Irma Sjöfn Óskarsdóttir upplýsti að Kirkjuráð hefði samþykkt 300 þúsund króna styrk til Siðfræðistofnunar. Ekki væri þó ljóst hvort stofnunin hefði einnig fengið styrk til að nýta Skálholt til funda, enda óvissa um starfsemina þar á næstu misserum.
4. *Ársfundur í september 2013.* Rætt stuttlega um ársfundinn sem haldinn var í Háskóla Íslands 25. september s.l. en þar hélt Henry Alexander Henrysson fyrirlestur um samþættingarverkefnið og formaður gerði grein fyrir starfsemi stofnunarinnar.
5. *Rannsókn- og þjónustuverkefni – staða.*
 - a. Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur. Verkefnið er komið vel af stað. Útvarpsþættir sem voru á Rás 1 um verkefnið s.l. sumar þóttu heppnast vel og síðan var haldin mjög góð málstofa í september í verkefninu. Henry Alexander hefur verið ráðinn verkefnastjóri.
 - b. Nerri – Neuro-Enhancement: Responsible Research and Innovation. Verkefnið er komið vel af stað og haldinn var verkefnisfundur í Barcelóna í nóvember s.l. Tveir starfsmenn hafa verið ráðnir tímabundið til að vinna að verkefninu þau Heiða Eiríksdóttir, M.A. og Jóhannes Dagsson, Phd.
 - c. Cost – Disaster Bioethics: addressing ethical issues triggered by disasters. Vilhjálmur gerði grein fyrir verkefninu og m.a. fundi í Ísrael og Palestínu síðastliðið haust í tengslum við það.
 - d. Norrænt samstarfsnet um lífsiðfræði. Áætlað er að fundur verði í þessu verkefni í júní í samstarfi við Norrænu lífsiðfræðinefndina og Nerri-verkefnið.
 - e. Cost – Citizen's Health through public-private Initiatives: Public health, Market and Ethical perspectives. Upphafsfundur verkefnisins var í nóvember s.l. í Brussel og fór forstöðumaður á fundinn. Næstu fundir eru áætlaðir nú á vormisseri.

- f. Verkefni með Stofnun Ármanns Snævarr. Aðalheiður D. Matthíasdóttir, M.A. nemi í hagnýttri siðfræði, mun skrifa meistararitgerð sína í tengslum við verkefnið sem fjallar um sjálfræði barna í heilbrigðisþjónustu.
- g. Kennsluefni í siðfræði. Gerð var grein fyrir kennsluefni í siðfræði sem Siðfræðistofnun hefur verið fengin til að lesa yfir fyrir Framvegis – símenntunarmiðstöð. Um er að ræða leiðbeiningar fyrir kennara í almennri siðfræði og heilbrigðis- og lífsiðfræði. Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar við kennsluefnið, einkum það síðarnefnda sem er að miklu leyti unnið upp úr bók Vilhjálms, *Siðfræði lífs og dauða*.
- h. Samþættingarverkefnið, Siðfræði og gagnrýnin hugsun. Vilhjálmur gerði stuttlega grein fyrir stöðu verkefnisins.
- i. Sjávarspendýr. Henry vinnur að skýrslu fyrir Fiskimálanefnd norrænu ráðherranefndarinnar um siðfræðilega orðræðu um sjávarspendýr sem væntanleg er á næstunni.

6. *Umsagnir um frumvörp.* Siðfræðistofnun hefur verið sent frumvarp um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og lífsýnasöfn til umsagnar. Ekki hefur gefist tóm til að ljúka umsögn.

7. *Málþing og útgáfa*

- a. Hádegismálstofur um álitafni í heilbrigðisþjónustu í samstarfi við Læknadeild HÍ. Mikill áhugi er á að halda áfram samstarfi á vormisseri en ekkert varð af málstofum í haust. Þau efni sem hafa verið rædd eru staðgöngumæður frá sjónarhorni læknisfræðinnar, réttlæti í heilbrigðisþjónustu á tímum niðurskurðar og notkun erfðaupplýsinga í heilbrigðisþjónustu.
- b. Bókaútgáfa. Tvær bækur eru í vinnslu, *Hugsað með Platóni*, sem fer væntanlega í prentun fljótlega, og *Hugsað með Vilhjálmi*, sem er komin mun skemmra á veg.
- c. Grein og fyrirlestur til heiðurs Gunnari Ragnarssyni. Vilhjálmur greindi frá því að Jón Bragi Pálsson hefði unnið grein um Macmurray sem kemur til með að birtast í *Hug*, árgangi 2014. Komið hefur til tals að efna til fyrirlesturs á næstu mánuðum byggðan á greininni.
- d. Aðrar hugmyndir. *Hugur* hefur kallað eftir greinum um hagnýta siðfræði. Stefnt er að því að halda málstofu á næsta Hugvísindapingi tengda efninu.

8. *Næsti fundur.* Stefnt að því að halda næsta stjórnarfund 20. maí n.k.

9. *Önnur mál.* Forstöðumaður skýrði stjórninni frá umsókn sinni um stöðu útvarpsstjóra.

Fundi slitið 13.40

S.N.